

**3359. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stíllholti 16-18, 19. nóvember 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rákel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolffsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolffsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1801190 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018**

212. mál til umsagnar - frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna (ákvörðun matsverðs)

222. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum v/ afnáms um uppreist æru

20. mál til umsagnar frá Atvinnuveganefnd Alþingis - tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins með sérstöku tilliti til bújarða

*Lagt fram.*

**2. 1811129 - Málefni KFÍA**

Málefni Knattspyrnufélags Íþróttabandalags Akraness.

Sigurður Þór Sigursteinsson framkvæmdastjóri KFÍA og Magnús Guðmundsson formaður KFÍA taka sæti á fundinum undir þessum lið. Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr einnig fundinn.

*Bæjarráð þakkar framkvæmdastjóra fulltrúum KFÍA fyrir komuna á fundinn og greinargóðar upplýsingar.*

*Bæjarráð felur Sigurði Páli Harðarsyni sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs og Valgerði Janusdóttur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vinna málið áfram í samvinnu við fulltrúa KFÍA og Ágústu Rósu Andrésdóttur forstöðumann íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar.*

**3. 1810287 - Höfði - fjárhagsáætlun 2019-2022**

Fjárhagsáætlun Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis 2019-2022.

Kjartan Kjartansson forstöðumaður Höfða tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar framkvæmdastjóra Höfða fyrir komuna og þær upplýsingar sem veittar voru vegna fjárhugasáætlunarinnar.*

**4. 1810155 - Breytingar á starfsmannahaldi á söfnum**

Bæjarráð frestaði á fundi sínum þann 1. nóvember sl. erindi menningar- og safnanefndar varðandi breytingar á starfsmannahaldi á Héraðsskjalasafni og Byggðasafninu í Görðum. Erindið er því lagt fyrir að nýju.

Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

*Bæjarráð þakkar Ellu Maríu Gunnarsdóttur fyrir komuna.*

*Málið er hluti af fjárhagsáætlun 2019 og er til frekari úrvinnslu á milli umræðna.*

**5. 1806199 - Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2020-2022**

Áframhaldandi vinna fjárhagsáætlunargerðar milli umræðna.

*Málinu verður framhaldið á næsta reglulega fundi bæjarráðs þann 29. nóvember næstkomandi.*

*RÓ óskar eftir að könnuð verði fjárhagsleg áhrif vegna lækkunar lóðarleigu til samræmis við ákvörðun um fasteignaskatta og þau lögð fram á næsta fundi bæjarráðs.*

**6. 1811091 - Asparskógar 6 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Eyþórs Ármanns Eiríkssonar og Kjarnibýgg ehf. um byggingarlóð við Asparskóga 6. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð úthlutar byggingarlóðinni að Asparskógum 6 til umsækjanda.*

**7. 1811090 - Beykiskógar 19 - umsókn um byggingarlóð**

Umsókn Eyþórs Ármanns Eiríkssonar og Kjarnibýgg ehf. um byggingarlóð við Beykiskóga 19. Umsóknargjald hefur verið greitt og því umsókn tæk til afgreiðslu.

*Bæjarráð úthlutar byggingarlóðinni að Beykiskógum 19 til umsækjanda.*

**8. 1811127 - Orka náttúrunnar - þjónustusamningur um götulýsingu**

Endurskoðun á þjónustusamningi um götulýsingu við ON.

*Lagt fram.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**9. 1811084 - Stígamót - styrkbeiðni 2018**

Erindi Stígamóta um fjárstuðning fyrir árið 2018.

*Bæjarráð samþykkir styrkveitingu til Stígamóta að fjárhæð kr. 280.000 vegna ársins 2018 en gert var ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun ársins.*

**10. 1811096 - Frostbiter hryllingsmyndahátíð í Keilusalnum - tækifærisleyfi**

Erindi sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar Akraneskaupstaðar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga og lengri opunar í Keilusalnum á Akranesi af tilefni Frostbiter Hryllingsmyndahátíðar.

*Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfisins að uppfylltum skilyrðum sem slökkviliðssjóri setur en gert er ráð fyrir að viðburðurinn standi til miðnættis laugardaginn 24. nóvember næstkomandi.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:50.

Elsa Hára Arnardóttir  
Valgeirur G. Jónsson  
Rakel Óskarsdóttir

Steinn Halldórsson  
Sam Freyr Kréinsson